

## Ritver og bókasafn – ást við fyrstu sýn?



Baldur Sigurðsson

Þótt undarlegt megi virðast glíma margir við mikla erfiðleika í sambandi við skrif, erfiðleika sem ekki há fólki í mæltu máli. Þetta geta verið einföld praktísk atriði um skráningu heimilda, vandi við málfar, stafsetningu eða málnotkun, skipulag framsetningar í smáu eða stóru, hugmynda og hugsana, en alvarlegustu erfiðleikarnir tengjast sjálfu ritferlinu, því að skrifa. Skrif virðast geta valdið sálarkvöllum og kvíða sem meðal annars birtist sem ritstífla frammi fyrir auðri síðu eða tómun skjá. Þessi einkenni ættu að vera lesendum að góðu kunn, því flestir lenda í svipuðum sporum einhvern tíma á lífsleiðinni.

Stúdentum í meistaranámi við Háskóla Íslands hefur fjölgað gríðarlega á síðari árum. Gerðar eru kröfur um töluvert umfangsmikið skriflegt lokaverkefni til meistaraþrófs og fyrir marga er það fyrsta verkefnið á lífsleiðinni þar sem reynir á að geta skrifað texta samkvæmt þeim kröfum sem fræðasamfélagið gerir. Þótt skólaganga flestra sé vörðuð mörgum ritunarverkefnum, til dæmis allveglegu bakkárverkefni (algengast er 10e verkefni á Menntavísindasviði), er eins og stúdentar hafi getað komist í gegnum þau án þess kunna sérstaklega mikið til verka. Meistarverkefnið er umtalsvert stærra (yfirleitt 30e eða meira), kröfur um framsetningu eru farnar að nálgast það sem gerist í lífinu sjálfu, návígið við leiðsögukenningarann er meira og stúdentar þurfa að gera grein fyrir efni sínu frammi fyrir stærri hópi. Fyrir vikið verður gagnrýni óvægjari og umsagnir nákvæmari. Stúdentar, sem vanir er hinu verndaða umhverfi skólans, verða eðlilega fyrir áfalli, taka gagnrýnina nærri sér og fyllast óöryggi og kvíða. „Af hverju var manni ekki sagt þetta fyrir?“ spyr unga fólkið réttilega. Og þá verður kennurum ljóst hvað stúdentar þurfa raunverulega mikla aðstoð og stuðning við skrifin.

Af hverju ekki fyrir? Þetta er lykilsurning, og flestir virðast sam-mála um að við þurfum að leggja meiri rækt við að kenna ungu fólki að skrifa á faglegan og fræðilegan hátt um viðfangsefni sín allt frá fyrsta ári í háskóla. Leiðsögn um skrifin sjálf er hins vegar utan hins eiginlega hlutverks kennara í stóru námskeiði vegna þess að skrif eru sérstakt viðfangsefni, óháð því sem um er skrifað hverju sinni, og til að leiðbeina um skrif þarf að ræða við hvern og einn.

### Stofnun ritvers á Menntavísindasviði

Á Menntavísindasviði Háskóla Íslands var í nóvember 2009 sett á laggirnar *ritver*, miðstöð þekkingar og fræðslu um fræðileg skrif á sviðinu. Hlutverk þess er meðal annars að leiðbeina stúdentum um skrifleg verkefni, stuðla að því að stúdentar skrifi meira og betur um viðfangsefni sín í náminu og vera kennurum innan handar um hvers kyns hjálpargögn um fyrirlögn skriflegra verkefna, yfirferð og mat. Höfundur þessarar greinar var ráðinn forstöðumaður og eini starfsmaður í fjórðungsstarf gegn helmingsafslætti á kennsluskyldu. Með forstöðumanni starfar sex manna stjórn.

Ritverinu var valinn staður á bókasafninu. Innarlega á safninu var komið fyrir skrifborði með tölvu og síma og svæðið merkt með skilti: *Ritver*. Aðra aðstöðu þurfti ekki.

Bókasafn Menntavísindasviðs er rúmlegt. Bókaskápar standa í röðum og afmarka misstór svæði þar sem komið er fyrir vinnu-borðum og stólum. Í hornum er gert ráð fyrir borðum til lestrar í „einrúmi“, en flestum húsgögnum er þannig fyrir komið að nemendur geti unnið saman að lausn verkefna sinna, og í samræmi við það er heimilt að tala saman í safninu. Staðsetning ritvers á bókasafninu var engin tilviljun.

Ritver við háskóla eiga sér hartnær hálftrar aldar sögu (Ask, 2007; Elmborg og Hook, 2005). Á sjöunda áratug liðinnar aldar sáu fyrstu ritverin dagsins ljós við bandaríska háskóla (*writing labs*, síðar *writing centers*), sprottin af sama vanda og lýst var í inn-gangi, stúdentar þurftu meiri aðstoð við að skrifa en unnt var að veita innan þess ramma sem hefðbundin kennsla setti. Svo virtist sem skilvirk kennsla og aðstoð við ritun væri annars eðlis en hefð-bundin kennsla í hópi. Rannsóknir Sofíu Ask á því hvernig stúdentar ná tökum á að skrifa fræðilegan texta benda til að hið eigin-lega nám í skrifum fari aðallega fram í samskiptum við kennara og aðra stúdentar þegar höfundar fást við eigin verkefni (Ask, 2007).



Viðtölin fara fram við skrifborð forstöðumanns, fyrir opnum tjöldum, ef svo má segja. Fyrir framan skrifborði er eitt af mörgum vinnuvæðum stúdent-enta á bókasafninu með nokkrum borðum og nemendur að störfum, en lágvær kliður í lofti af samræðum.

Hugmyndin um ritver sem hluta af starfsemi skóla breiddist snemma út um öll Bandaríkin, bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi, og á tíunda áratug síðustu aldar nam hún land á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu, en hefur kannski fyrst komist á flug eftir þúsaldamótin. Nú starfa alþjóðleg samtök ritvera (IWCA) í mörgum undirdeildum eftir heimsálfum, svæðum og löndum. Evrópsku samtökunum (EWCA) hefur vaxið fiskur um hrygg síðustu árin og sama má segja um evrópsk samtök háskólakennara sem kenna fræðileg skrif (EATAW). Útgáfa bóka og tímarita á þessu sviði hefur farið vaxandi.

Við á Menntavísindasviði gátum sótt í digran sjóð reynslu og þekkingar um hvernig staðið skyldi að stofnun ritvers. Höfundur þessarar greinar fór í kynnisferð til háskólans í Maryland í Bandaríkjunum og aflaði sér gagna úr ýmsum áttum en skorinorðustu leiðbeiningarnar um stofnun nýs ritvers komu frá Lottu Rienecker, stofnanda og forstöðukonu ritversins við Kaupmannahafnarháskóla sem stofnað var árið 2002. Leiðbeiningar hennar taka mið af stofnanagerð og hugsunarhætti sem við þekkjum í okkar menningu og því var nærtækt að fylgja þeim að svo miklu leyti sem þær áttu við hugmyndir okkar og aðstæður. Að öðru leyti var tekið mið af hálfar aldar reynslu Bandaríkjamanna og annarra sem sett hafa ritver á laggirnar og svo af sérstöðu okkar, fámenni og takmörkuðum fjárráðum.

Þegar ritveri er valinn staður er mikilvægt að gera upp við sig hvers konar hlutverki það á að gegna. Möguleikarnir eru að minnsta kosti þrjú.

- Í fyrsta lagi getur ritverið verið einhvers konar angi af íslenskudeild skólans, mannað íslenskukennurum sem fyrst og fremst hugsa um að stúdentar skrifi rétt og gott mál. Þegar fyrstu ritverin sáu dagsins ljós í bandarískum háskólum var algengt að þau tengdust enskudeildum skólanna og enn í dag eru mjög mörg þeirra (líklega flest, nákvæma tölu hef ég ekki) tengd starfsemi enskudeildar. Á stórri háskólalóð er ritverið þá gjarnan staðsett í námunda við enskudeildina. Þessi tenging er hluti þeirrar arfleifðar að móðurmálskennarar hvers lands hafa séð um ritgerðarkennsluna en víða hefur þessi arfur haft þær afleiðingar að tengslin við aðrar deildir og fræðasvið verða ekki sem skyldi.
- Í öðru lagi getur ritverið verið hluti af stoðþjónustu skólans, líkt og til dæmis þjónusta námsráðgjafa eða hjúkrunarfræðinga. Í samræmi við þá hugmynd er ritverið staðsett á sama gangi eða í sömu byggingu og námsráðgjöfin. Þessi tenging hefur það í för með sér að stúdentar líta á ritverið sem „úrræði“ fyrir þá sem eiga í sértækum örðugleikum og þorri stúdenta telur slíka þjónustu ekki eiga erindi við sig.
- Í þriðja og síðasta lagi getur ritverið verið hluti af almennri þjónustu skólans við stúdentana og kennara, líkt og bókasafn eða tölvuþjónusta, þjónusta sem allir þurfa á að halda, án þess endilega að eiga í sérstökum vandræðum.

Frá upphafi var litið svo á að þjónusta ritvers væri af því tagi sem lýst er í þriðja lið, almenn þjónusta við alla, bæði stúdenta og kennara. Þess vegna var það staðsett á bókasafninu til þess að notendur litu á ritverið sem eðlilegan hluta af þeirri fjölþættu starfsemi sem þar fer fram. Starfsemi ritvers, að aðstoða fólk við að skrifa, koma þekkingu sinni á framfæri á skipulegan hátt og samkvæmt viðurkenndum kröfum fræðasamfélagsins, er í beinu framhaldi af þeirri starfsemi bókasafna að greiða leið notenda að heimildum og þekkingu.

Í annan stað var tekin sú stefna að ritverið væri í sem nánustum tengslum við sem flest fræðasvið, kennara og námsgreinar innan Menntavísindasviðs. Þótt undirritaður, forstöðumaður ritversins, sé íslenskukennari að upplagi er formaður stjórnar, Hafþór Guðjónsson, lífefnafræðingur og menntunarfræðingur og aðrir stjórnarmenn úr ýmsum áttum. Sú tilviljun að fyrsta ritver á Íslandi skuli stofnað á Menntavísindasviði er í rauninni afar heppileg því sviðið er mjög þverfaglegt í eðli sínu og stúdentar almennt áhugasamari um fræðslu- og leiðsagnarhlutverk en gengur og gerist. Ritverið tengist því ekki íslensku eða íslenskukennslu sérstaklega, heldur almennt því hlutverki, sem segja má að sé meginþema sviðsins, að leiðsegja og fræða. Því ætti að það að hafa alla möguleika á að ná til stúdenta og kennara í öllum greinum.

### Starfsemi ritvers fyrsta árið

Í undirbúningi að stofnun ritvers var áhersla lögð á að koma upp heimasíðu sem yrði andlit ritvers og auglýsing, miðill til samskipta og sá brunnur fróðleiks og þekkingar sem ritverið á að vera. Í samvinnu við Helgu Birgisdóttur, doktorsnema í íslensku, var vefur ritversins settur upp af vefþjónustu Háskólans. Fyrir stofndaginn, 30. nóvember 2009, tókst að setja töluvert efni á síðurnar, en kannski aðallega safn af krækjum á slóðir erlendra ritvera og fróðleiksbrunna hér heima og erlendis.

Frá upphafi var gert ráð fyrir að starfsemin yrði þrenns konar og skal nú gerð grein fyrir henni.

### Námskeið og fræðslufundir

Í fyrsta lagi var gert ráð fyrir námskeiðum og fræðslufundum um einstaka þætti fræðilegra skrifa sem haldin yrðu reglulega yfir veturinn. Samkvæmt niðurstöðum Ask (2007) og rannsóknna sem hún vísar til nýttast námskeið höfundu illa nema þau hitti höfund fyrir á réttum stað í ritunarferlinu. Tekin var sú stefna að leggja áherslu á stutta fundi, eina eða tvær kennslustundir um afmörkuð efni, sem yrðu endurteknir eftir þörfum og áhuga yfir misserið. Þessir níu fundir voru boðnir á vormisseri 2010:

1. Meðferð heimilda í EndNoteWeb.
2. Gegnir: Uppbygging efnis og leitarmöguleikar.
3. Tímaritaskrá A-Ö: Leitarmöguleikar og gagnagrunnar.
4. Ritvinnsla stórra verkefna í Orði (Word).
5. Meðferð heimilda skv. APA-staðli.
6. Skipulag lokaverkefnis: Rannsóknarspurning og rannsóknaráætlun.

7. Mál og málnotkun í fræðilegum ritsmíðum.
8. Uppsetning og frágangur meistararitgerða.
9. Uppsetning og frágangur bakkalárritgerða.

Sumir fundirnir voru haldnir einu sinni, aðrir oft, og reynt var að tímasetja þá með tilliti til þess að þeir hittu á réttan stað í ritunarferlinu fyrir þá stúdenta sem áttu að skila ritgerð sinni um vorið. Fundirnir voru skipulagðir í náinni samvinnu við Margréti Guðmundsdóttur, sem sér um notendafræðslu á vegum bókasafnsins.

Um vorið kom fram ósk frá stúdentum um stuðning við lokaverkefni um sumarið og sá ritverið þá um að skipuleggja samfellt námskeið um flesta þætti fræðilegra skrifa. Námskeiðið var haldið í júní og sá Ingibjörg Frímansdóttir um að leiðbeina bakkalárnemum, en Veturliði Óskarsson kenndi meistaraneinum. Í tengslum við þessa sumarfræðslu stóð bókasafnið fyrir kynningu á rafrænum gagnasöfnum og Margrét Guðmundsdóttir hélt fræðslufundi fyrir báða hópana um meðferð heimilda í EndNoteWeb. Fundirnir á vormisseri voru prýðilega sóttir, yfirleitt um 15 til 30 manns á hverjum fundi, og sama má segja um sumarnámskeiðin. Bakkalárhópurinn þynntist eftir því sem á leið en meistarahópurinn hélt vel út.

Námskeið nr. 4, Ritvinnsla stórra verkefna í Orði, var tekið upp í fjórum 30 til 45 mínútna þáttum sem settir voru á vef ritversins og getur hver og einn sótt sér þessa þætti eftir hentugleikum. Þar með er ekki talin þörf á að halda það námskeið sérstaklega aftur. Ekki er vitað hversu margir hafa tekið Word-námskeiðið á vefnum en ráða má af samtölum við fólk að námskeiðið hafi náð til allmargra og gert töluvert gagn. Stefnt er að því að gera fleiri þáttum skil í stuttum vefnámskeiðum sem stúdentar geta sótt sér á vef eftir þörfum. Slíkt ætti að koma til móts við fjarnema.

Fræðslufundir voru ekki haldnir á haustmisseri vegna annarra verkefna, sjá síðar, en efni frá fundum vorsins var aðgengilegt á vef ritvers.

### Viðtalsfundir

Í öðru lagi var gert ráð fyrir að stúdentar gætu pantað einstaklingsviðtal um verkefni sín. Viðtalsþjónusta um skrifleg verkefni af öllu tagi í náminu er eitt meginhlutverk ritvera víða um heim. Hér tókum við þá ákvörðun, þar sem undirritaður var eini starfsmaðurinn á vormisseri 2010, að veita viðtalsþjónustu einungis við lokaverkefni. Stúdentar geta pantað tíma á vef ritversins og fá klukkustund í senn. Þessi þjónusta var kynnt stúdentum sem hafa skráð sig í lokaverkefni og þeir leituðu töluvert til ritvers, sérstaklega stúdentar á meistarastigi eins og búist var við.

Viðtölin fara fram við skrifborð forstöðumanns, fyrir opnum tjöldum, ef svo má segja. Fyrir framan skrifborði er eitt af mörgum vinnusvæðum stúdenta á bókasafninu með nokkrum borðum og nemendur að störfum, en lágvær kliður í lofti af samræðum. Ef lagt er við hlustir má heyra hvað rætt er við næstu borð. Við óttuðumst í byrjun að stúdentar mundu verða feimnir við að ræða ritsmíðar sínar svo aðrir heyrðu en sá ótti hefur reynt ástæðulaus, að svo miklu leyti sem við





*Hugmyndin með því að vera ekki með viðtölin í sérstöku viðtalsherbergi heldur í opnu rými er sú að nemendur sjái að ráðgjöf um ritun snýst ekki um persónuleg vandamál heldur um fagleg atriði sem ekki eiga að þurfa að vera feimnismál. Að því leyti eru þau hliðstæð við samræðu við bókasafnsfræðing en gerólik þjónustu námsráðgjafa.*

höfum kannað hug stúdenta til þessa atriðis. Við getum dregið fram laust þil svo að ekki sjáist af vinnusvæðinu að skrifborðinu, en sá möguleiki hefur ekki verið nýttur. Svo virðist sem stúdentar séu alvanir að vinna saman og einbeita sér að eigin verkefnum þótt aðrir séu að tala í kringum þá, og ef þetta fyrirkomulag reynist vandræðalaust ætti það að styrkja þá ímynd ritversins að þjónusta þess sé fyrir alla. Hugmyndin með því að vera ekki með viðtölin í sérstöku viðtalsherbergi heldur í opnu rými er sú að nemendur sjái að ráðgjöf um ritun snýst ekki um persónuleg vandamál heldur um fagleg atriði sem ekki eiga að þurfa að vera feimnismál. Að því leyti eru þau hliðstæð við samræðu við bókasafnsfræðing en gerólik þjónustu námsráðgjafa.

Í Bandaríkjunum er alsíða að stúdentar starfi við ráðgjöf í ritveri, að undangenginni fræðslu og þjálfun, en í Evrópu er meira um að akademískir starfsmenn gegni þessu hlutverki, til dæmis í Kaupmannahöfn og Árósum. Frá upphafi var stefnt að því að fá stúdenta til starfa í ritverinu að bandarískri fyrirmynd. Fyrir því eru þrjár ástæður. Í fyrsta lagi eru stúdentar tiltölulega ódýr starfskraftur miðað við fasta starfsmenn og það er eina leiðin til að geta veitt þjónustu við önnur verkefni en lokaverkefni án þess að kostnaður fari úr böndum. Í öðru lagi hefur leiðsögn stúdenta hvers við annan allt önnur áhrif en þegar kennari leiðbeinir og fær stúdenta til að hugsa á annan hátt um viðfangsefni sitt. Í þriðja lagi getur það haft góð áhrif víða í námssamfélaginu, þar sem mikið er um hópvinnu og umræður, þegar meðal stúdenta eru einstaklingar sem lært hafa til verka í ritveri og hafa faglega þekkingu á því hvernig unnt er vinna með texta og bæta hann.

Á haustmisseri fékkst leyfi til að halda fimm eininga námskeið fyrir stúdenta sem veitir réttindi til að starfa sem ráðgjafi í ritverinu. Á námskeiðið voru lengst af skráðir 24 stúdentar en þegar á reyndi voru þeir einungis 11. Þessi litli hópur fékk grundvallarfræðslu um hvernig eigi að leiðbeina öðrum um fræðileg skrif en meginverkefnið var að leiðbeina fyrstaársstúdentum um tvær ritsmíðar, aðra í námskeiðinu Talað mál og ritað, hina í námskeiðinu Þroska- og námssálarfræði. Þessi vinna féll öll á fimm vikur frá lokum september og út allan október. Vegna þess hvað stúdentar á fyrsta ári voru margir en leiðbeinendur færri en reiknað var með, komu býsna margar ritgerðir í hlut hvers. Hér var um algera frumraun að ræða og sú reynsla sem þarna fékkst verður dýrmætt veganesti til næstu ára.

Vonir standa til að ritverið fái svolitla fjárveitingu á árinu 2011 svo unnt verði að ráða þessa stúdenta fáeina tíma í viku til að sjá um viðtalsþjónustu við öll önnur verkefni en lokaritgerðir. Þegar fram líða stundir má vera að unnt verði að fela þeim að leiðbeina um lokaverkefni á bakkalárstigi, en ekki er talið ráðlegt að aðrir en akademískir starfsmenn leiðbeini um meistararitgerðir.

#### **Málstofur fyrir kennara og nemendur**

Þriðji þátturinn í starfsemi ritvers á fyrsta ári var að vekja athygli og umræðu meðal starfsmanna um vanda þess að skrifa, mikilvægi góðrar leiðsagnar og þar með á starfsemi ritvers. Í því skyni gekkst ritverið fyrir einni málstofu á vormisseri, og annarri á haustmisseri. Báðar málstofurnar voru með því sniði að framsögu og umræðum var deilt á þrjú til fjögur skipti.

Á vormisseri var fjallað um hlutverk leiðbeinandans. Fyrsti frummælandi var Andrea Milde, sendikennari í þýsku við Háskóla Íslands og sérmenntuð í leiðsögn við skrif. Á haustmisseri var fjallað um skapandi hugsun í fræðilegum skrifum og þar var fyrsti frummælandi Sofia Ask frá Linnéháskólanum í Växjö, sem sérstaklega hefur rannsakað hvernig stúdentar í kennaranámi tileinka sér ritfærni um sérsvið sitt í háskóla. Aðrir frummælendur voru úr hópi kennara af Mennta- og Hugvísindasviði og tveir doktorsnemar af Menntavísindasviði.

Málstofurnar voru alveg þokkalega vel sóttar eftir því sem gengur og gerist og að mínu mati var ekki síst mikilvægt að heyra raddir doktorsnema og fá frummælendur úr öðrum skólum og af öðrum sviðum en Menntavísindasviði. Í okkar litla samfélagi er nauðsynlegt að heyra raddir annars staðar að og skiptast á hugmyndum og reynslu. Ef marka má viðtökur kennara hafa málstofurnar náð að vekja nokkra athygli á ritverinu og mikilvægi ritunarverkefna í námi eins og að var stefnt.

### Sambúð ritvers og bókasafns

Þegar litið er yfir þetta fyrsta starfsár er óhætt að fullyrða að starfsemi ritvers og bókasafns fellur einkar vel saman. Hlutverk ritversins er að styðja og styrkja stúdenta, eða hvaða höfunda sem er, á öllum skrefum ritunarferlisins, frá söfnun hugmynda og upplýsinga, gegnum úrvinnslu þeirra og skipulag framsetningar til endanlegrar birtingar og frágangs.

Við blasir að bókasafnið gegnir lykilhlutverki í fyrri hluta þessa ferlis. Í síðari hlutanum kemur meira til kasta kennara og leiðbeinenda, sérfræðinga um efni ritsmíðar og framsetningu, málnotkun og útgáfu. Ekki er víst að öllum sé ljóst hvert hlutverk bókasafns er í síðari hlutanum en þar gegnir safnið vitaskuld hlutverki með sinn fjársjóð handbóka og leiðbeininga, en umfram allt sem hið mikla forðabúr góðra fyrirmynda um það hvernig góðar ritsmíðar eiga að vera. Ritverið hefur rækt fræðsluhlutverk sitt í náinni samvinnu við bókasafnið, og Margrét Guðmundsdóttir bóksafnsfræðingur hefur séð um þriðjung þeirra námskeiða sem ritverið hefur auglýst.

Húsnæði bókasafns Menntavísindasviðs hentar einkar vel fyrir starfsemina. Opin vinnusvæði hér og hvar um safnið, frjállega umgirt bókahillum, skapa mjög heppilega umgjörð fyrir samvinnu um verkefni og nám, og stúdentar líta á samvinnu og samræður á safninu sem sjálfsagðan hlut. Ritverið er staðsett á einu þessara svæða. Svæðið kringum ritverið er ekkert mjög stórt, hæfilega girt bókahillum og í miðju þess er lítið rautt sófasett sem gefur færi á að skapa ögn óformlegri umgjörð um samræðu en verður við skrifborð. Á þessu fyrsta starfsári hefur ekkert komið fram sem bendir til annars en stúdentar séu algerlega óþvingaðir í þessu umhverfi og ekki sé knýjandi þörf á að skipuleggja einstaklingsviðtöl í lokuðu rými.

Það að sitja með leiðbeinanda virðist vera jafn eðlilegt fyrir stúdenta og að ræða verkefni sitt við hvern annan eða leita til starfsmanna bókasafnsins. Þá daga sem starfsmaður sat við skrifborðið í ritveri, komu stúdentar sem áttu bókaðan tíma

en þess á milli leituðu stúdentar í safninu til ritvers með ýmsar fyrirspurnir eins ekkert væri sjálfsagðara.

Síðastliðið haust, þegar stúdentar leiðbeindu fyrstaársnenum með verkefni sín, var allt vinnusvæðið kringum ritverið undir lagt. Í ljósi þess hvernig safnið er skipulagt og hvaða hefðir hafa þar skapast um umgengni og nýtingu, reyndist bæði einfalt og sjálfsagt að taka frá eins mörg borð og þurfti hverju sinni fyrir ráðgjöf ritvers. Þegar ráðgjafar voru ekki að störfum nýttist vinnusvæðið með venjulegum hætti fyrir aðra gesti safnsins.

Ef ályktanir mínar af reynslu ársins eru réttmætar tel ég að ritverið hafi náð mjög mikilvægum áfanga í því að skapa starfsemi sinni þá ímynd sem að var stefnt í upphafi, nefnilega að ritverið sé eðlilegur þátttakandi í umræðu um ritsmíðar stúdenta, en ekki sérúrræði fyrir þá eina sem eiga í einhverjum erfiðleikum.

### Að lokum

Ritver Menntavísindasviðs er hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Mörgum hér á landi er tamt að líta svo á að ráðgjöf við skrif snúist fyrst og fremst um að leiðbeina um málfar og leiðréttá mál- og stafsetningarvillur. Því er víðs fjarri, starfsemi ritvers snýst að minnstu leyti um það. Á vef ritvers er gerð grein fyrir hlutverki þess og þar er líka gerð grein fyrir því hvaða þjónusta er ekki í boði:

Í ritveri er ekki unnt að fá ...

- prófarkalestur
- ritgerð sína leiðréttá
- vottorð um að ritsmíð sé í lagi og laus við mál- og stafsetningarvillur
- verkefni þýdd á annað tungumál
- einkunn

Markmiðið er að styrkja stúdenta til sjálfshjálpar.

Við hæfi er að ljúka þessari umfjöllun með orðum sem Lotte Rienecker, forstöðukona Akademisk skrivecenter, notaði í bréfi til undirritaðs til að lýsa hlutverki ritversins við Kaupmannahafnarháskóla: „... vi arbejder især meget med hvordan de studerende kommer ind i studierne og ud af dem igen“.

Þessi orð höfum við haft að leiðarljósi þetta fyrsta starfsár.

### Heimildir

Ask, S. (2007). *Vägar till ett akademiskt skriftspråk*. Växjö University Press, Växjö. Sótt 15. desember 2010 af <http://Inu.diva-portal.org/smash/get/diva2:205075/FULLTEXT01>

Elmborg, J. K. og Hook, S. (ritstj.). (2005). *Centres for learning: Writing centres and libraries in collaboration*. Chicago: Association of college and research libraries.

Á heimasíðu ritvers Menntavísindasvið Háskóla Íslands, <http://vefsetur.hi.is/ritver> er að finna krækjur á vefi nokkurra ritvera sem eru vel skipulögð náma fróðleiks og leiðbeininga.